


MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Fjárlaganefnd Alþingis
Sendandi: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, skrifstofa fjárlaga og rekstrar.
Dagsetning: 11.03.2024
Efni: Útgjöld ríkissjóðs vegna útlendingamála – hluti félags- og vinnumarkaðsráðuneytis

Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Fjöldi umsókna um alþjóðlega vernd á árinu 2023 var 4.155. Þar af voru 1.618 (39%) frá Úkraínu og 1.586 (38%) frá Venesúela skv. tölum frá Útlendingastofnun. Fjöldi umsókna á árinu 2022 var 4.520. Fjöldi nýrra umsókna fækkaði því um 8% milli ára.



Vegna tafa í málsmeðferð hjá Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála ásamt uppsafnaðs fjölda umsækjenda sem bíður afgreiðslu hjá Útlendingastofnun þá hafa umsækjendur verið að ílengjast lengur í úrræðum Vinnumálastofnunar. Vegna þessa fráflæðisvanda þá hefur kostnaður aukist umtalsvert við að þjónusta umsækjendur.

Útgjöld vegna þjónustu við umsækjendur voru rúmir 10,8 ma.kr. árið 2023 og rúmlega tvöfölduðust frá árinu 2022 þegar þau voru rúmir 4,7 ma.kr. Miðspá Útlendingastofnunar fyrir árið 2024 (óbirt) gerir ráð fyrir 4.140 nýjum umsóknum. Miðað við þann fjölda þá gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir því að útgjöld á árinu verði um 17,7 ma.kr. sem er um 9,8 ma.kr. umfram fjárheimild fjárlaga ársins. Þetta mat byggir á óbreyttri stöðu eins og hún er í dag varðandi málsmeðferðarhraða í verndarkerfinu og fráflæðisvanda umsækjenda úr úrræðum Vinnumálastofnunar. Að teknu tilliti til 780 m.kr. halla á fjárlagaliðnum frá 2023 sem flyst milli ára þá er áætluð viðbótarfjárför á árinu um 10,6 ma.kr. miðað við þessar forsendur.

Þann 20. febrúar sl. sammæltist ríkisstjórnin um aðgerðir í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd, flóttafólks og innflytjenda. Markmiðið er að stuðla að betri, skilvirkari og skýrari framkvæmd innan málaflokksins, og bættri þjónustu. Stjórnvöld ætla að draga úr útgjöldum og forgangsraða þeim fjármunum betur sem fara í málaflokkinn. Fækka á umsóknum sem ekki uppfylla skilyrði um vernd og auka skilvirkni í afgreiðslu umsókna.

Vegna uppsafnaðs vanda í verndarkerfinu m.t.t. aukins fjölda umsókna, langs málsmeðferðartíma og fráflæðisvanda undanfarin ár er hins vegar ekki raunhæft að ætla með vissu að aðgerðirnar skili

sparnaði miðað við útgjöld ársins 2023 fyrr en á næsta ári, 2025. Hver einstaklingur í þjónustu kostar um 11 þúsund krónur á dag að meðaltali. Þessir þrír liðir valda að óbreyttu og án aðgerða auknum kostnaði á árinu 2024 miðað við fyrra ár.

Umsóknir fyrstu tveggja mánaða 2024 eru töluvert færri en á sama tímabili 2023 eða 410 samanborið við 925 árið 2023. Ef þessi þróun heldur áfram á þessu ári og ef dreifing umsókna verður í takt við árið 2023 þá má gera ráð fyrir að fjöldi umsókna í ár verði á bilinu 2.000 - 2.500. Ef gert er ráð fyrir 2.500 umsóknum í ár og m.v. sama málsmeðferðartíma og fráflæðisvanda og verið hefur þá má gera ráð fyrir að útgjöld vegna þjónustu við umsækjendur verði um 11,5 ma.kr. Þó er ljóst að mjög erfitt er að áætla fjölda umsókna um vernd fram í tímann og tilheyrandi kostnað.

Takist að fækka umsóknum sem ekki uppfylla skilyrði um alþjóðlega vernd, stytta málsmeðferðartíma á báðum stjórnarsýslustigum og leysa fráflæðisvanda þá ætti að takast að draga verulega úr útgjöldum.

Innflytjendaráð og móttaka flóttafólks

Á fjárlagaliðinn 07-999-149 Innflytjendaráð og móttaka flóttafólks færist ýmis kostnaður vegna flóttafólks eftir að það hefur fengið samþykka umsókn um alþjóðlega vernd. Helstu gjaldaliðir árið 2023 eru greiðslur til sveitarfélaga vegna samninga um samræmda móttöku flóttafólks. Einnig hefur ráðuneytið greitt húsaleigu vegna búsetuúrræða flóttafólks sem hefur fengið vernd vegna fjöldaflótta. Var það gert til að koma á mótis við húsnæðisvanda og öflun varanlegs leiguhúsnæðis hjá sveitarfélögum árið 2022 og héldu greiðslur áfram fram yfir mitt ár 2023. Einnig var tilteknum sveitarfélögum greitt skv. samningum um skjól fyrir einstaklinga á fjöldaflótta. Var um að ræða tímabundið úrræði 2022 sem hefur verið lagt niður. Einnig er gjaldfært á liðinn kostnaður vegna samnings við Rauða krossinn um félagslegan og sálfélagslegan stuðning við flóttafólk. Gjöld vegna aðildar og samninga Íslands við Alþjóðlega fólksflutningastofnunarinnar bókfærast á liðinn sem og ýmis kostnaður vegna íslenskunáms og aðstoðar við atvinnuleit sem Vinnumálastofnun ber ábyrgð á. Vinna við stefnumótun í málefnum innflytjenda og flóttafólks greiðist af liðnum og allur kostnaður vegna þróunarsjóðs innflytjenda. Útgjöld liðarins hafa sveiflast nokkuð undanfarin ár og á meðan á heimsfaraldri stóð voru útgjöld liðarins mjög takmörkuð. Með auknum straumi flóttafólks árið 2022 hafa útgjöld aukist vegna fleiri verkefna sem gripið var til, m.a. til að efla inngildinu og veita tækifæri til íslenskunáms og virkni.

Endurgreiðslur vegna 15. gr. laga um félagsaðstoð sveitarfélaga skv. lögum nr. 40/1991

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum fjárhagsaðstoð við útlendinga sem hafa hlotið alþjóðlega vernd, fyrstu tvö árin eftir að vernd hefur verið veitt. Endurgreiðslur fara skv. leiðbeiningum frá árið 20214 og skv. reglum nr. 520/2021. Með auknum fjölda fólks sem fær samþykka umsókn um alþjóðlega vernd aukast einnig endurgreiðslur á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga til þessa hóps.

www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2014/leidb.regjur.LOK.pdf

Yfirlit útgjalda 2022-23 og áætlun um útgjöld 2024 skv. tveimur sviðsmyndum.

Yfirlit útgjalda félags- og vinnumarkaðsráðuneytis vegna þjónustu við umsækjendur um vernd og málefna flóttafólks	Gjöld 2022	Gjöld 2023	Fjárheimild 2024	Áætlun 2024 skv. spá 1	Áætlun 2024 skv. spá 2
Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd	4.743	10.828	7.903	17.700	11.500
Innflytjendaráð og móttaka flóttafólks	1.124	1.428	1.944	2.100	2.100
Endurgreiðslur vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga	1.778	3.972	2.724	4.000	4.000
Samtals	7.645	16.228	12.571	23.800	17.600